

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 12. nóvember 1990

um heiti stofna sem eru stofnar þeirra matjurtategunda sem skráðar eru í ákvörðun
89/7/EBE

(90/639/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

ræddum stofnum sem leiddir eru af opinberlega samþykktum stofnum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

Opinberar ráðstafanir á grundvelli bandalagsins hafa leitt í ljós að sumir stofnanna eða stofnar leiddir af þeim, sem skráðir eru í viðaukann við umrædda ákvörðun, geta ekki talist sjálfstæðir gagnvart öðrum ákveðnum stofnum sem eru opinberlega samþykktir í aðildarríkjunum.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE ⁽²⁾, einkum 2. lið 10. gr.,

Því ber einnig að ákvarða áhrif þessara niðurstaðna bandalagsins á heiti slíkra stofna.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/7/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 89/138/EBE ⁽⁴⁾, er skrá yfir opinberlega samþykktu stofna matjurtategunda.

Þar sem getið er stofnsins Negerkop, sem er skráður í viðaukanum við þessa tilskipun, má nota önnur heiti í stað ákveðinna heita sem hafa verið notuð fram til þessa.

Í samræmi við þriðja undirlið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/458/EBE hafa opinberar ráðstafanir á grundvelli bandalagsins leitt til auðkenningar fjölda stofna sem eru leiddir af opinberlega samþykktum stofnum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

Með hliðsjón af þeim heitum sem notuð eru í sameiginlegu skránni yfir stofna matjurtategunda — 15. heildarútgáfunni ⁽⁵⁾ (ásamt fyrstu ⁽⁶⁾, annarri ⁽⁷⁾, þriðju ⁽⁸⁾ og fjórðu ⁽⁹⁾ viðbót við hana) — ber að ákvarða heitin á um-

l. gr.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 7, 10. 1. 1989, bls. 25.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 49, 21. 2. 1989, bls. 39.

⁽⁵⁾ Viðauki við Stjútíð. EB nr. C 335 A, 30. 12. 1988, bls. 1.

⁽⁶⁾ Viðauki við Stjútíð. EB nr. C 127 A, 24. 5. 1989, bls. 1.

⁽⁷⁾ Viðauki við Stjútíð. EB nr. C 196 A, 1. 8. 1989, bls. 1.

⁽⁸⁾ Viðauki við Stjútíð. EB nr. C 325 A, 29. 12. 1989, bls. 1.

⁽⁹⁾ Viðauki við Stjútíð. EB nr. C 106 A, 28. 4. 1990, bls. 1.

Með hliðsjón af hugsanlegri framlengingu fram yfir 30. júní 1990 á samþykki fyrir stofnum sem leiddir eru af stofnum matjurtategunda, skráðum í viðauka við ákvörðun 89/7/EBE, skulu aðildarríkin sem samþykkja stofnana sjá til þess að þeir beri eitt eða fleiri af heitunum sem skráð eru í 3. dálki viðaukans við þessa tilskipun, eftir því sem við á.

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1990.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ATHUGASEMD

Í viðaukanum eru þrjár dálkar:

- Í 1. dálki stendur heitið sem stofninn er skráður undir í viðaukanum við ákvörðun 89/7/EBE, eins og henni var breytt með ákvörðun 89/138/EBE. Að því er varðar stofninn Boltardy var ekki nauðsynlegt að taka stofnana, sem haldið er við í Hollandi, með í hinn opinberu áætlun bandalagsins, færslan gildir aðeins um stofna sem haldið er við í Breska konungsríkinu.
- Í 2. dálki eru nefndir aðrir stofnar, 21 alls, með einkenni sem eru ekki aðgreinanleg. Þessir stofnar voru auðkenndir þegar hafist var handa um hina opinberu áætlun bandalagsins.
- Í 3. dálki standa nýju heitin sem nota má yfir stofninn eða afleidda stofninn við upphafið á framlengingu samþykkisins og er byrjað á heitinu eins og það stendur í 1. dálki, ef unnt er, og því næst koma hin heitin í stafrófsröð.

